

Fundargerð foreldrafélags BES 19. jan 2016

Mættar eru Dóra, Þóra, Gurrý og Lóa

1. Það er í vinnslu að senda út greiðsluseðla fyrir árgjaldi foreldrafélagsins. Allir foreldrar fá rúkkun upp á 2200 krónur í valgreiðslu í heimabanka. Þóra er gjaldkeri félagsins og mun fara með allar upplýsingar í bankann fljótlega.
2. Bréf frá foreldrum barna í BES til foreldrafélagsins
 - a. **Foreldri hefur áhyggjur af vaxandi snjallsímavæðingu nemenda skólans og vill að foreldrar beiti sér fyrir bættri símameningu nemenda**
 - i. Við ætlum að leggja til á skólaráðsfundi hugmynd um að hafa símalausan dag/dagspart hjá eldri bekkjum skólans, stjórn nemendafélagsins gæti verið með í ráðum og skipulagt afþreyingu og við minnum á að starfsmenn skólans og foreldrar eru ávallt fyrirmyndir nemenda. Auk þess væri gott að fá umræður um snallsímanotkun yngri nemenda skólans á skólaráðsfundi.
 - b. **Hvers vegna eru allar íþróttir vetrarins nema skólahreysti á Stokkseyri þegar fín aðstaða býðst á Eyrarbakka sem hentar vel fyrir eldri nemendurna?** Spurningunni munum við beina til skólaráðs
 - c. **Hver er viðbragðsáætlun skólans vegna óveðurs/ófærðar?** Mjög misvísandi skilaboð koma frá skólanum og engar fréttir eru að morgni ófærðardags á heimasíðu skólans. Sum börn koma, önnur eru heima. Betra væri ef skóla væri einfaldlega aflýst strax að morgni þegar ljóst er að rútur munu ekki aka. Við beinum þessum málum til skólaráðs.
3. **Foreldrafélagið ætlar að standa fyrir fjórum spilavistarkvöldum í janúar og febrúar.** Þau verða á miðvikudagskvöldum og haldin til skiptis á Stokkseyri og Eyrarbakka. Verðlaun verða veitt öll kvöldin og svo verða aðalverðlaun í lokin. Kvöldin hefjast kl. 18:00 og við hvetjum alla til að mæta og líka þá sem ekki kunna spilavist og við munum hjálpa til ☺ í hléi verður boðið upp á kaffi/djús og kökur. Aðgangseyrir er 200 krónur og við vonumst til að sjá sem flesta til að spila, spjalla og eiga notalega stund bæði fullorðnir og börn.
4. **Önnur mál:**
 - a. Hvergi eru aðgengilegar upplýsingar um viðmið sundkennara um hve kalt þarf að vera í veðri svo að börnin fari ekki ofan í sundlaugina í skólasundi.
 - b. Mikið umferðaröngþveiti myndast fyrir framan skólann á Stokkseyri kl. 8 á morgnana þegar foreldrar keyra börn sín í skólann. Margir foreldrar keyra bæði of hratt miðað við aðstæður og koma öfugumegin inn á planið, þar sem innakstur er bannaður. Gott væri ef starfsmaður væri fyrir utan að taka á móti yngstu nemendum sem eiga erfitt með að skilja umferðarreglurnar þarna að morgni.
 - c. Það vantar tilfinnanlega gangbraut frá skólahúsinu yfir að smíðastofunni.
 - d. Gaman væri að sjá endurskinsvestin sem skólinn á, í notkun hjá yngstu nemendum í svartasta skammdeginu.